



## Bæjarstjórn Blönduósbæjar

### 42. FUNDUR – 13. október 2009

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 42. fundar þriðjudaginn 13. október 2009 kl. 16:00 að Hótel Blönduósi. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórir Sveinsson. Undirritaðir sátu fundinn.

#### Dagskrá:

##### 1. Fundargerðir:

- a) *Bæjarráð frá 30. september 2009*
  - b) *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 22. september 2009*
  - c) *Fræðslunefnd frá 16. september 2009*
  - d) *Jafnréttisnefnd frá 29. júní 2009*
  - e) *Landbúnaðarnefnd frá 24. ágúst 2009*
  - f) *Staðardagskrá frá 2. september 2009*
  - g) *Brunavarnir frá 23. september 2009*
  - h) *Brunavarnir frá 30. september 2009*
  - i) *Skólanefndar Fjölbrautarskóla NV. frá 9. september 2009*
2. *Skipulagsmál.*
  3. *Atvinnumál.*

#### Afgreiðslur:

##### 1. Fundargerðir:

###### a. *Bæjarráðs frá 30. september 2009, 77. fundur.*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Fundargerðin samþykkt 7:0.

###### b. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 22. september 2009.*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

3.tölul. Bæjarstjórn frestar afgreiðslu liðarins.

Forseti lét bóka að hann tæki ekki þátt í afgreiðslu 1.tölul. vegna tengsla í málinu. Kári Kárason lét bóka að hann tæki ekki þátt í afgreiðslu 6.tölul. vegna tengsla í málinu.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni 7:0.

###### c. *Fræðslunefnd frá 16. september 2009.*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin samþykkt 7:0.

###### d. *Jafnréttisnefnd frá 29. júní 2009.*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Fundargerðin samþykkt 7:0.

###### e. *Landbúnaðarnefnd frá 24. ágúst 2009.*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Fundargerðin samþykkt 7:0.

###### f. *Staðardagskrá frá 2. september 2009, 7. fundur.*

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

###### g. *Brunavarnir frá 23. september 2009.*

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



***h. Brunavarnir frá 30. september 2009.***

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

***i. Skólanefndar Fjölbrautarskóla NV. frá 9. september 2009.***

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**2. Skipulagsmál.**

Forseti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykktir á fundi sínum 13. október 2009 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi á Blönduósi skv. 25.gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Skipulagssvæðið nær til auðra lóða við Skúlabraut, Smárabraut og Sunnubraut. Tillagan er sett fram á uppdrætti og greinargerð dags. 21. september 2009. Heildarfjöldi íbúðarhúsa skv. tillögunni eru 7 einbýlishús, 4 raðhús og 2 parhús eða samtals 25 íbúðir. Skipulagsuppdráttur og greinargerð mun vera til sýnis á skrifstofu Blönduósbæjar Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi frá 13. október 2009 til 10. nóvember 2009. Ennfremur er tillagan til sýnis á heimasíðunni [www.blonduos.is](http://www.blonduos.is). Athugasemdum skal skilað til skrifstofu Blönduósbæjar – fyrir miðvikudaginn 25. nóvember 2009 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykki tillögunni.“

Tillagan samþykkt með 7:0.

**3. Atvinnumál.**

Mættur til viðræðna við bæjarstjórn Sveinn Óskar Sigurðsson, framkv.stj. Greenstone ehf, um mögulega uppbyggingu gagnavers á Blönduósi.

Forseti lagði fram eftirfarandi bókun:

„Bæjarstjórn Blönduósbæjar óttast mjög um stöðu opinberra starfa ef skerðingar og sameiningar stofnanna ríkisins á landsbyggðinni ná fram að ganga. Fyrirhugað er að fækka verulega stjórnsýslueiningum og auka þar með miðstýringu í stjórnsýslu ríkisins. Þar með er stefnt í hættu því uppbyggingarstarfi og hagræðingu sem þegar hefur náðst á síðustu árum með sérhæfingu verkefna innan stofnanna svo sem með uppbyggingu innheimtumiðstöðvar sekta á Blönduósi og annarra sambærilegra verkefna. Ólíðandi er að niðurskurður á fjárveitingum til Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi sé mun meiri en til sambærilegra stofnanna.“

Bókunin samþykkt með 7:0.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15.

Valgarður Hilmarsson, forseti (sign)

Þórir Sveinsson, ritari (sign)

Héðinn Sigurðsson (sign)

Zophonías Ari Lárusson (sign)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)

Ágúst Þór Bragason (sign)

Valdimar Guðmannsson (sign)

Kári Kárason (sign)

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri. (sign)